

50. gr.

Eftirlit og úttekt.

Áður en einstökum hlutum miðstöðvarkerfis er lokað, skal eftirlitsmanni hitaveitustjóra gert aðvart með hæfilegum fyrirvara og skal hann þá gefa vottorð um ástand (úttekt) lagnarinnar.

51. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grímsey, nr. 120 14. september 1959.

1. gr.

Yfirskrift VII. kafla verði: Um lestagjöld.

2. gr.

21. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

- A. Skip og bátar, 12 brúttórúmllestir að stærð og stærri, sem eru í eign manna búsettra í Grímsey og gerðir út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Grímsey a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 5.00 af hverri brúttórúmllest skips eða báts, þó aldrei minna en kr. 100.00 á ári.
- B. Önnur innlend fiskiskip, 12 til 50 brúttórúmllestir, greiði kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar, en eigi skulu þau greiða lestagjald þetta oftari en tvisvar á sama mánuði, þó þau komi oftari til hafnarinnar.
- C. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau sem undanþegin eru lestagjaldi skv. 20. gr.) skulu greiða kr. 0.70 lestagjald fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri áætlun, greiði hálf lestagjald.

D. Hafi skip, gjaldskylt skv. B-lið, legið 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skal flutningaskip, sem bíður eftir farmi, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 10 daga. Verði skip veðurteppt, telst sá tími ekki með.

E. Lestagjaldið er þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

Auk hafnargjalds greiða fiskiskip 12—50 brúttórúmllestir í bryggjugjald í hvert sinn er þau leggjast að bryggju, kr. 1.00 af brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 25.00.

Öll fiskiskip, 50 brúttórúmllestir og stærri, greiði kr. 0.30 á brúttórúmllest.

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vélbátar, 5 rúmllestir og minni, sem eru í eign manna búsettra í Grimsey, greiði kr. 300.00 á ári í hafnar- og bryggjugjöld.

Vélbátar, 5—12 rúmllestir brúttó, greiði kr. 600.00 í hafnar- og bryggjugjöld.

4. gr.

Á eftir 3. málsgrein 31. greinar reglugerðarinnar komi ný málsgrein, sem verði 4. málsgrein svo hljóðandi:

Undanþegin bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna veðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sannað er fyrir sjórétti, að hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

5. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Grímseyjarhrepps.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. maí 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 20. maí 1970 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.